

Hollvinafélags Félagsráðgjafardeildar

Önnur doktorsvörn við Félagsráðgjafardeild



Hinn 12. desember síðastliðinn varði **Sveinbjörg J. Svavarsdóttir** doktorsritgerð sína við Félagsráðgjafardeild. Var þetta önnur doktorsvörn við deildina á þessu ári. Leiðbeinandi Sveinbjargar var dr. Sigrún Júlíusdóttir. Doktorsrannsókn Sveinbjargar ber heitið „Quality of Life for People with Mental Illness in a Changing Society - Intra- and Inter-institutional Effects on Psychiatric Rehabilitation“. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á þá margþættu erfiðleika sem geðræn veikindi valda einstaklingum, fjölskyldum, stofnunum og samfélaginu í heild. Nánari upplýsingar má nálgast [hér](#).

Málstofuröð RBF og Félagsráðgjafardeildar á haustmisseri 2014



Á hverju misseri standa Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd og Félagsráðgjafardeild að þematengdri málstofuröð. Yfirskrift haustmisseris 2014 var „Börn og ungmenni: Tengsl uppeldis- aðstæðna, skóla og vinnu- markaðar“. Meðal fyrirlesara voru Cynthia Lísá Jeans lektor, Sigrún Harðardóttir lektor og dr. Jóhanna Rósa Arnardóttir. [Sjá nánar hér](#).

Diplómanám um áfengis- og vímuefnamál hefst haustið 2015

Opnað hefur verið fyrir umsóknir í diplómanám um áfengis- og vímuefnamál sem kennt verður í þrjú misseri frá næsta hausti. Markmið námsleiðarinnar er að koma til móts við þörf fyrir sérhæfða þekkingu og færni á sviði áfengis- og vímuefnamála. Nemendur fá fræðilega og hagnýta þekkingu um málefni áfengis- og vímuefnasjúkra og áhrif vímuefnasýki á aðra fjölskyldumeðlimi og fjölskyldukerfi. Nemendur öðlast einnig fræðilega og hagnýta þekkingu á forvörnum, meðferðarúrræðum og þeim þáttum sem hafa áhrif á stefnumörkun og stjórnun málaflokksins. Umsjónarmaður námsleiðarinnar er Steinunn Hrafnisdóttir dósent. Nánari upplýsingar er að finna í [kennsluskrá HÍ](#). Umsóknarfrestur er til **5. júní 2015**.

Málþing brautskráningar-
kandídata 7. maí –
Allir velkomnir

Fimmtudaginn **7. maí** munu MA nemar til starfsréttinda í félagsráðgjöf kynna lokaverkefni sín á opnu málþingi í Stapa. Dagskrá má finna á [vef Félagsráðgjafardeildar](#).

Samstarf Félagsráðgjafardeildar og Hagstofu Íslands

Nemendum í MA námi við Félagsráðgjafardeild gefst tækifæri á að vinna lokaverkefni í samstarfi við Hagstofu Íslands samkvæmt nýjum samningi sem undirritaður var mars. Markmið samningsins er að auka rannsóknasamstarf Hagstofunnar og deildar en það er talið hagur beggja að bæta þannig tengsl Hagstofunnar við fræðasamfélagið. [Sjá nánar hér](#).

Nýjar rannsóknir um foreldra og fæðingarorlof

Guðný Björk Eydal prófessor er annar tveggja ritstjóra bókarinnar [Fatherhood in the Nordic Welfare States - Comparing Care Policies and Practice](#) sem kom út í byrjun árs. Bókin er samstarfsverkefni Guðnýjar og Tine Rostgaard, prófessors við Álaborgarháskóla í Danmörku, og er viðfangsefnið norrænir feður og velferðarkerfi á Norðurlöndum. Bókinni er kaflaskipt eftir þremur þemum: Lagaumhverfi á Norðurlöndum sem snertir feður og fjölskyldulíf, feður í hversdeginum og á vinnustað, og loks föðurhlutverkið í fjölbreytilegum fjölskyldum.

Guðný ritaði enn fremur grein ásamt Ingólfi V. Gíslasyni lektor í félagsfræði í síðastu útgáfu tímaritsins *Íslenska þjóðfélagið*. Greinin ber heitið „Hrunið og fæðingarorlof: Áhrif á foreldra og löggjöf“ [og má nálgast í rafrænum aðgangi hér](#).

